Hitalagnir: skýringar og afstöðumynd. 1:200.



ALMENNAR SKÝRINGAR.

EFNI:

Pípustærðir stálröra eru í mm (innra þvermál).

ø15 mm	ø25 mm	ø40 mm
ø20 mm	ø32 mm	ø50 mm

Pípustærðir pexröra eru í mm (innra þvermál).

ø15 mm	ø25 mm	ø40 mm
ø20 mm	ø32 mm	ø50 mm

Pípur innanhúss skulu vera svört stálrör með skrúfuðum fittings og pex–rör fyrir gólfhita. Gæði stálröra skal vera í samræmi við staðal DIN 2440 eða samsvarandi. Allar pípur í gólfhitakerfi skulu vottaðar fyrir vatn allt að 70 °C.

FRÁGANGUR:

Allar stálpípur skal mála með góðri ryðvarnarmálingu. Allar pípur skal leggja þannig að eðlileg bensla þeirra hindrist ekki. Á lagnir skal setja tæmingarloka og lofttæmingarskrúfur þar sem við á.

FESTINGAR:

Festingar á lóðréttum rörum séu mest með 2 m bili, en upphengd láréttrör rör með 1.5 m til 3 m bili, háð sverleika röra (ca. 100 x þvermál röra). Þar sem pípur eru sýnilegar og óeinangraðar skulu festingar miðast við það, t.d. gjörð sem grípur um rör og skrúfist á fæti við vegg og skal allur frágangur vera mjög snyrtilegur.

EINANGRUN LAGNA:

Allar stálpípur í hitakerfinu skal einangra með 15 mm glerullar–hólkum (20 mm ef rör eru 025 mm eða stærri), eða með sam–berilegri einangrun. Einangrun skal sívefja með þar til gerðu plastbandi. Yfirlöppun skal vera í lágmarki og bent er á að æskilegt er að plastbandið fyrir allar heitar pípur sé gatað, þannig að það sé ekki rakaþétt.
Þar sem lagnir eru sýnilegar skal auk þess klætt með þar til gerðum plasthólkum (með eða án áfastri einangrun).
Lögn í hitaklefa skal einnig einangra í þeim mæli sem hægt er og mála eða merkja með þ.t.g. merkjum hvað lögnin flytur, appelsínu–rautt fyrir heitt vatn (túr) og gult fyrir kalt vatn (retúr).
Einangrun og frágangur einangrunar skal uppfylla eldvarnarkröfur.

TÁKN Á TEIKNINGUM:

- Táknar framrás (túr).
- Táknar bakrás (retúr).
- Táknar framrás og bakrás þar sem lagnir liggja saman á grunnmynd.
- Táknar tengilögn stjórntækja.
- Táknar renniloka.
- Táknar stilliloka (t.d. sætisloka með eða án stillikvarða).
- Táknar tæmingarloka.
- Táknat tæmingarskrúfu.

Sjá ennfremur skýringar í Íslenskum staðli ÍST 64 og sérskýringar við lögn í hitaklefa.

Eftirfarandi styttingar eru notaðar á teikningum um staðsetn. lagna:

ÁV	= Á vegg.	UGL	= Undir glugga.
ÍE	= Í einangrun.	UL	= Undir lofti.
ÍG	= Í gólfrauf.	USP	= Undir stigapalli.
ÍV	= Í veggrauf.	VG	= Við gólf.
PN	= Pípa fer niður.	YD	= Yfir dyrum.
PU	= Pípa fer upp.	YGL	= Yfir glugga.
UD	= Undir dyrum.	YL	= Yfir lofti, þ.e. á næstu salarhæð.
UG	= Undir gólfi, þ.e. á næsta salarhæð.		

STAÐSETNING OFNA:

Fjarlægð ofna frá endanlegum gólfi er yfirleitt 10 cm, en séu frávik frá því er getið um það í ofnaskrá.
Fjarlægð ofna frá endanlegum vegg er yfirleitt 2.0 cm að hitaauka eða 4–5 cm að ofni, sem er með hitaauka (s.k. konvektors).

OFNLOKAR:

Ofnaskrá sýnir val á ofnlokum og er þar miðað við ofnloka frá Danfoss, en samberilegir lokar frá öðrum framleiðendum koma einnig til greina. FJVR lokar eru s.k. retúrlokar, sem stjórnast af útrennslis–hita vatnsins frá viðkomandi ofni. RA2000 lokar eru s.k. túrlokar sem stjórnast af lofthitanum í herberginu. Við kaup á lokahausum túrloka skal velja "lausa þreifara" þar sem loftsreymi við sjálfa lokana er hindrað, t.d. ef ofnlokar lenda á bak við gardínur. Læsa skal stillingu ofnlokanna í samráði við verkkaupa. Stærð loka er í mm.

STILLITÉ OG LOFTSKRÚFUR:

Á alla ofna skal koma stillité á þann tengistút þar sem ofnloki er ekki. Stillité þessi skulu vera af viðurkenndri gerð, t.d. TA eða samsvarandi. Sverleiki skal vera sami og sverleiki ofnstútsins, sbr. ofnaskrá. Stillité þessi skal stilla þannig að við fullopinn ofnloka, fari hitastig á útrennsli ofnsins ekki uppfyrir 50 gráður á hitaveitusvæðum, en 60 gráður annars staðar.
Á öllum ofnum skulu vera lofttæmingarskrúfur af viðurkenndri gerð. Lofttæmingarskrúfurnar skulu vera þannig að ekki sé hægt að opna fyrir þá nema með þ.t.g. lykli.

HITATAP HÚSSINS:

Við útreikning á hitatapi hússins er miðað við eftirfarandi lág–markseinangrun:
Gólf: 75 mm plasteinangrun undir botnplötu.
Veggir: 100 mm plast– eða steinullareinangrun.
Þak: 200 mm steinullar– eða glerullareinangrun.
Gluggar: Tvöfalt gler í allar rúður.

Varðandi forskrifaðar einangrunarþykktir, glerþykktir, rakasperrur og annan frágang þessarar byggingar, er varðar raunverulegt hitatap, vísast á arkitektateikningar og burðarþolsteikningar hvað varðar einangrun sökkla.

Samþykkt þann 14 MAI 2008
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Hrólfur S. Gunnlaugsson

Skýringar:

Breytingar:

TÓV
TEIKNISTOFAN ÖÐINSTORGI, VERKFRÆÐISTOFA ehf.
Öðinsgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: tov@to.is
Sími: 510 2211 Fax: 510 2201

Verkefni: Drekavellir 11, Hafnarfirði.

Heiti: Hitalagnir: Almennar skýringar og afstöðumynd.

Hönnun: VIFILL ODDSSON kt. 101237–3629 VERKFRÆÐINGUR FVFÍ – FRV
GÚSTAF ÚLFSSON kt. 261163–5069 VERKFRÆÐINGUR FVFÍ

Áritun aðalhönnuðar: kt.: 150964-5939

M. 1:200
R. G.V.